

Eðvarð Sigurðsson er í 7 manna nefnd sem vinnur nú að endurskoðun lífeyriskerfisins í samræmi við samkomulag ASI og vinnuveitenda í febrúar 1974. Þjóðviljinn hafði viðtal við Eðvarð og fer það hér á eftir.

— Hvernig þjóna lífeyris-sjóðirnir sem stofnaðir voru með samkomulagi verkalyðs og vinnuveitenda 1969 hlutverki sínu núna?

— Þeir geta þjónað markmiði sínu vegna þess hve fáir hafa enn áunnð sér réttindi til lífeyris, en það er augljóst að þeir geta það ekki þegar á reynir meðan verðbólga er allt að 50%, en eðlilegir vextir langt þar undir.

— Hvað er hægt að gera til að lífeyrissjóðirnir nýttist í lífeyri handa gamla fólkinu?

— Það er frumnaðsyn að lífeyrisþegar fái verðtryggingu lífeyri. Núverandi kerfi byggist á sjóðmyndun og sjóðirnir annast lánaþyrirgreiðslu. Það er ekkert lítilræði sem þeir lána út og er það fyrst og fremst til húðarbygginga. Það fé hefur að sínu leyti verðtryggingu fyrir þá sem þess njóta. Til að verðtryggja lífeyrinn hins vegar dettur manni fyrst í hug að hætta fyrrnefndri sjóðmyndun og nota féð jafnóðum meðan það heldur verðgildi sínu þ.e. að taka upp svokallað gegnumstreymi. Þetta er sú hugmynd sem margir aðhyllast og má kannski segja að sé hin eina vitlega.

En menn reka sig á ýmis konar vanda, bæði sem snýr beint að sjóðfél. vegna þess að lánin sem þeir hafa notið er æði stór þáttur í möguleikum þeirra til að eignast húsnæði og í öðru lagi það sem snýr að sparnabænum í þjóðfélaginu. Nú eru lífeyrissjóðirnir með um 25% af öllum sparnaði í landinu. Ef þessum bætti er kippi í hurru er augljóst að það hefur bysna mikil áhrif á allt peningakerfið og yrðu margar eyður sem þyrfti að fylla upp í, ekki hvað síst hvernig ætti að afla fjár og hvar að taka fé til húsnæðismála. Þetta er kannski stærsta vandamálið þegar menn hugleiða að taka upp gegnumstreymikerfi.

Inn í blandast margt annað. Sumir sjóðir eru orðnir bysna gamlir og grónir og SAL-sjóðirnir frá 1970 eru einnig orðnir stórir margir hverjir. Hér blandast því beinlínis inn í spurningin um eignaréttinn, hvernig á að fara með þau réttindi sem menn eru búnir að kaupa sér með greiðslu til lífeyrissj. Breytingar geta því ekki orðið á kostnað áunninna réttinda, heldur verður að taka upp kerfi sem tryggir þau og öðrum meiri rétt en þeir hafa nú.

Þetta er örtil mynd af þeim vanda sem við er að eiga.


— Ert þú fylgjandi því að komið verði upp einum lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn?

— Persónulega er ég þeirrar skoðunar að þennan vanda sem ég var að lýsa verði að yfirstiga og koma á einu samfelldu lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn. Uppbygging þess gæti orðið með ýmsu móti.

— Hvað líður endurskoðuninni sem ákveðin var í samningunum í fyrra?

— Samkomulagið frá í fyrra var í tvennu lagi. Í fyrsta lagi endurskoðun lífeyrissjóðakerfisins í heild og til þess áttu aðilar að setja nefnd sem skipað væri þremur mönnum frá hvorum samningsaðila en hún yrði síðan hluti af stærri nefnd sem ríkisstjórnin setti á laggirnar. Það

MYNDIR: eik



Kjaramál aldraðra eru efst á baugi

drúst úr hömlu að þessar nefndir hafi starf. Þær voru ekki skipaðar fyrr en um mitt sumar. Málið snertir marga og lá ekki í augum uppi hvernig ætti að standa að verkinu. Í samkomulaginu var kveðið á um að álit ætti að vera komið fram í september sl. og síðan ætti það að vera í skoðun hjá samtökunum og þau að skila því í febrúar. Löggjöf yrði síðan sett á þessu þingi þannig að nýtt kerfi gæti tekið gildi 1. jan. 1978.


Það er augljóst að þessar tímasetningar hafa ekki staðist og verkinu verður ekki lokið á tilsettum tíma. Menn hafa kannski verið fullþjátsynir að hægt væri að ljúka því á svo skömmum tíma.

— Nú rennur bráðbirgðasamkomulagið úr fyrrnefndum samningum út um næstu áramót. Hvað gerist þá?

— Já, bráðbirgðasamkomulagið átti að gilda þangað til nýtt kerfi tæki gildi. Það snerti þá sem hafa rétt til lífeyris skv. lögnum frá 1970. Með því var lífeyririnn verulega aukinn eða nær tvöfaldaður.

— Hvaðan kom það fé?

— Lífeyrissjóðirnir tóku að sér að standa undir þessum aukakostnaði hver um sig og allir sameiginlega. Þeir greiða



Eðvarð Sigurðsson
Ljós.: eik

**Viðtal við
Eðvarð
Sigurðsson,
formann
Dagsbrúnar,
um lífeyrismál**

ákveðna prósentu af ráðstöfunarfé sínu þessi tvö ár. Það er mikilvægt að þarna kemur til samhjálparsjóðarmóð. Ef hver sjóður hefur greitt fyrir sig einvörðungu legðist þetta misjafnlega á þá. Sumir eru skipaðir að miklu leyti yngri fólki en aðrir eldri fólki. Í þessu felst mikilvægur vísir að sameiningu. Þetta samkomulag rennur út um næstu áramót ef ekki verður abgert. Það verður því að framlinga. Þá koma til skoðunar ýms konar endurbætur á því.

— Eg vildi koma hérna inn á sérstakt vandamál í þessu sam-

bandi. Þegar samið var um auknar bætur til þessa fólks í fyrra var einnig samið um að þær frjálsu tekjur sem menn máttu hafa án þess að tekjutygging skerðist, yrðu hækkaðar. Sú hækkan á lífeyri sem þetta fólk átti að fá frá lífeyrissjóðakerfinu áttu undir flestum kringumstaðum ekki að skerða þá tekjutyggingu sem það átti rétt á frá almannatryggingum. Hins vegar kom í ljós í sumar vegna þeirra reglna og aðferða sem almannatryggingar hafa um útreikning og endurskoðun á tekjum fólks, sem er alltaf eftir á, jafnvel hálfu öðru ári, að veruleg skerðing varð á tekjutyggingu hjá þeim sem höfðu fengið aukib fé frá lífeyrissjóðunum. Okkur finnst að þarna hafi lífeyrissjóðirnir tekið að sér greiðslur sem hefðu átt að koma frá almannatryggingum.

— Er ekki talsvert misræmi innan lífeyrissjóðakerfisins?

— Lífeyrir er alltof lágur til margra lífeyrisþega og þar blasir við og er hróplegast að lífeyrir einstaklinga er orðinn alltof lágur. Í þessum aldursþópi er hlutfallslega mikið um þá og er röskunin mikil hvort sem um ekkju eða ekkil er að ræða.

— Verða kjaramál aldraðra ofarlega á baugi í komandi samningum?

— Það liggur fyrir núna í komandi samningum verkalyðs-hreyfingarinnar að þetta mál verður eitt af samningamálunum og því verður að ráða til lykta svo að viðunandi sé, bæði varðandi lífeyrissjóðina, bráðbirgðasamkomulagið og annað sem snertir lífeyri aldraðra í gegnum almannatryggingar. Ein af samþykktum ASI-þings var að taka mál þessa fólks sem lið í kjaramáttunni.

—GFr

Eftirlaun til aldr- aðra sem ekki hafa réttindi í lífeyrissjóði

Rabbað við Jóhönnu Arnadóttir

Þegar samið var um lífeyrissjóði verkalyðsfélaganna árið 1969 var ljóst, að eldri félagar verkalyðsfélaganna gætu ekki öðlast fullan rétt á lífeyri. Þess vegna voru sett sérstök lög um eftirlaun aldraðra í stéttarfélagum. Sérstök umsónarnefnd hefur með framkvæmd þeirra að gera og er Jóhanna Arnadóttir starfsmaður hennar. Við náðum tali af henni.

— Hvaða skilyrði verða aldraðir að uppfylla til að fá greitt samkvæmt þessum ákvæðum?

— Þeir þurfa að vera fullgildir félagar í stéttarfélagi innan ASI eða öðrum verkalyðsfélagum, vera fæddir árið 1914 eða fyrr, hafa náð 70 ára aldri og látið af störfum og eiga að baki sér 10 ára réttindatíma. Þeir, sem eru orðnir 75 ára eiga þó rétt á eftirlaunum, hvort sem þeir vinna eða ekki.

— Hversu lengi verða þessi ákvæði í gildi?

— Til 1985. Þess skal getið, að eftirlaun eru miðuð við tekjur frá 55 ára aldri eða frá 1. jan. 1955, ef maðurinn er fæddur fyrir aldamót.

— Ná þessar greiðslur til alls aldraðs verkafólks?

— Nokkrir eiga ekki rétt hjá okkur og ma þar nefna verkafólk, sem hefur unnið hluta úr degi, eða hefur ekki 10 ára réttindatíma vegna vinnu eftir 55 ára aldur.

— Hversu margir fá eftirlaun samkvæmt þessu kerfi?

— Þeir fara nú að nalgast 3000. Þeir, sem öðluðust rétt á síðasta ári, ef þeir voru hættir að vinna eru fæddir 1906.

— Eru lífeyrisgreiðslur verðtryggðar?

— Já, að hluta. Þær eru alltaf hækkaðar um hver áramót og þá miðaðar við nýjustu úrskurði og á síðasta ári var samið um sérstaka uppbót á þessi eftirlaun og hækkuðu þau til muna við þá breytingu.

— Hvaðan er fjármagn fengið í þessar lífeyrissjóðsgreiðslur?

— Atvinnuleysisjóður stendur undir kostnaðinum að 3/4 en ríkissjóður að 1/4 nema hvað varðar uppbótina, sem síðast var rétt um, en kostnað af henni bera lífeyrissjóðirnir sameiginlega. G.Fr.



Jóhanna Arnadóttir.

Hvað er Samband almennt lífeyris- sjóða (SAL)?

Stutt spjall við Hrafn Magnússon

Samband almennt lífeyrissjóða eru heildarsamtök sem stofnuð voru á grundvelli samkomulags milli ASI og VSI vorið 1969. Framkvæmdastjóri sambandsins er Hrafn Magnússon og til hans leit aði þjóðviljinn til að fá upplýsingar.

— Hversu margir eru sjóðirnir innan SAL og á hvaða grundvelli starfa þeir?

— Þeir eru nú 20 og allir stofnaðir 1. janúar 1970 nema Lífeyrissjóður verkmiðjufólks, sem var eldri en gekk að skilmálum SAL og Lífeyrissjóður Sambands byggingamanna sem varð til úr tveimur eldri sjóðum. Þeir sjóðir geta verið aðilar að SAL sem styðjast við sömu reglugerðar-fyrirmynd og eru þessir 20 sjóðir því allir samræmdir.

— Að hvaða leyti eru SAL-sjóðir frábrugðnir öðrum lífeyrissjóðum?

— Hjá öðrum lífeyrissjóðum er lífeyrir ákveðinn eftir verulitna í sjóðnum og greiddur eftir ákveðnu hlutfalli t.d. við meðalaun síðustu 10 eða 5 ára og í besta falli 1 árs. Lífeyrisgreiðslur úr

SAL-sjóðum fara hins vegar eftir stigatreikningi sem byggist á ævitekjum og er hann réttlátari að því leyti að oft eru tekjur verkamanna hæstar um miðbik ævinnar að tiltölu en lækka síðan. Skv. bráðbirgðasamkomulagi ASI og Vinnuveitendasambandsins frá því í febrúar 1976 er lífeyrir greiddur í samræmi við 4. tæta Dagsbrúnar og reiknaður út tvisvar á ári. Því má segja að lífeyrisgreiðslur núna séu að nokkru leyti verðtryggðar.

— Annad sem nefna má er að það tekur aðeins 6 mánuði að fá rétt til makallífeyris og 3 ár til örorkulífeyris en í gömlu sjóðunum tekur það sums staðar allt að 10 ár.

— Ennfremur lítum við á SAL-sjóðina sem eina heild vegna þess að þó að ekki skapist réttindi hjá einum sjóði þá skapist þau ef þeir eru settir saman. Þess maður fær réttindi þó að maður hafi flust á milli sjóða eins og um einn sjóð hefur verið að ræða.

— Verður ekki stundum misbrestur á innheimtu lífeyris-sjóðsgjaldsins?

— Því miður hefur orðið misbrestur á því, en skv. lögum frá 1974 er öllum launþegum skylt að vera í lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps. Vinnuveitendum er skylt að halda



Hrafn Magnússon.

eftir af launum starfsfólks síns iðgjaldahluta þess (4%) og standa viðkomandi lífeyrissjóði skil á honum ásamt mótramlagi sínu (60%).

—GFr.



Norræna dómnefndin að störfum: frá v.: Agneta Hobin (túlkur), Pirkko Hamberg, Finnlandi, Hans Krondahl, Svþjóð, Asgerður Búadóttir, Íslandi, Franka Rasmussen, Danmörku, og Aase Froegner, Noregi.

Norræn veflist að Kjarvals- stöðum



Sigrún Sverrisdóttir við myndir sínar á sýningunni.

Í dag verður opnuð að Kjarvalsstöðum stór sýning á norrænni veflist — Nordisk Textiltriennale eins og hún nefnist á skandinavísku.


Þetta er í fyrsta sinn sem eftir er til samnorrænnar sýningar á veflist, en ætluin er að þær verði haldnar á þriggja ára fresti eftirleibis. Það eru félög veflistarmanna á Norðurlöndum sem eiga hugmyndina að þessari sýningu og hafa undirbúið hana, en styrks hafa þau notið frá Norræna menningarmálasjóðnum.

Auglýst var eftir verkum og skipuð dómnefnd þar sem Asgerður Búadóttir var fulltrúi Íslands. Geysimikill áhugi reyndist á þátttöku, því alls bárust nefndinni 665 verk. Úr þessum fjölda voru valin 116 verk til sýningar. 16 íslenskir listamenn sendu verk og hlutu 9 verk 6 listamanna náð fyrir augum dómnefndar. Alls eiga 95 listamenn verk á sýningunni.

Sýning þessi var svo fyrst sett upp í Listasafninu í Alaborg í Danmörku, þaðan fór hún til Hövikodden listamíðstöðvarinnar í Oslo, þaðan til Listasafnsins í Malmö, næst til Waino Aaltonen listasafnsins í Ábo og nú er hún komin hingað. Eftir að sýningunni lýkur hér á landi verður hún send til Listaskólans í Þórshöfn í Færeyjum.

Þar sem sýningin hefur komið hafa gagnrýnendur yfirleitt lokið upp einum munni um ágæti hennar, og að Kjarvalsstöðum hafa ummæli þeirra verið hengt upp á vegg sýningargestum til fróðleiks. Verkin á sýningunni eru úr margvislegum efnum og unnið með ýmsum hætti.

Þær sem unnu að uppsetningu



Frosti og funi eftir Asgerði Búadóttir.



Lífsmynstur konu eftir Þorbjörgu Þórbardóttur.

**vinnan
og
verkafólk**